



Ársskýrsla 2020

Heilsustofnun NLFÍ


Hlutverk

Á Heilsustofnun fer fram einstaklingshæfð þverfagleg meðferð fyrir einstaklinga sem þurfa endurhæfingu og þjálfun í kjölfar sjúkrahúsvistar, tiltekinna sjúkdóma eða slysa. Áhersla er lögð bæði á andlega, líkamlega og félagslega endurhæfingu.

Markmið endurhæfingar á Heilsustofnun er að efla líkamlega, andlega og félagslega færni einstaklinga, auka lífsgæði og styrkja viðkomandi til athafna daglegs lífs.

Lögð er áhersla á við notendur þjónustunnar að vera virkir í endurhæfingunni og nýta þá þjónustu sem í boði er í þeim tilgangi að árangur endurhæfingarinnar verði sem mestur.





Stjórn og framkvæmdastjórn

Stjórn

Gunnlaugur K. Jónsson
Bryndís Björk Ásgeirsdóttir
Inga Dóra Sigfúsdóttir
Baldvin Jónsson – varamaður
Geir Jón Þórisson – varamaður

Framkvæmdastjórn

Forstjóri – Þórir Haraldsson
Framkvæmdastjóri lækninga – G. Birna Guðmundsdóttir
Framkvæmdastjóri hjúkrunar – Margrét Grímsdóttir
Framkvæmdastjóri rekstrar – Brynjar Þórsson

Þverfagleg endurhæfing

Heilsustofnun NLFÍ í Hveragerði er endurhæfingarstofnun. Endurhæfing er veitt einstaklingum á landsvísu í samræmi við lög nr 40/2007 um heilbrigðisþjónustu. Heilsustofnun er með þjónustusamning við Sjúkratryggingar Íslands. Samkvæmt honum ber Heilsustofnun að veita 1.350 einstaklingum endurhæfingu á ári, í samtals 37.800 gistinætur, á 10 meðferðarlínum.

Samningur Heilsustofnunar og Sjúkratrygginga Íslands

Þann 1. apríl 2019 tók gildi samningur á milli Sjúkratrygginga Íslands og Heilsustofnunar Náttúrulækningafélags Íslands um þverfaglega endurhæfingu fyrir sjúkratryggða einstaklinga skv. lögum um sjúkratryggingar 112/2008 og slysatryggða einstaklinga skv. lögum nr. 45/2015 um slysatryggingar almannatrygginga.

Samningur þessi er gerður til þriggja ára og gildir til og með 31. mars 2022. Heimilt er að framlengja samninginn einu sinni um eitt ár.

Fjárveiting til samningsins á fjárlögum 2020 var kr. 913.699.970,-

Endurhæfing fer fram á 10 meðferðarlínum

Bæklun

Geðsjúkdómar

Gigtsjúkdómar

Hjarta- og lungnasjúkdómar

Krabbamein

Offitu- og efnaskiptasjúkdómar

Streita

Taugasjúkdómar

Verkir

Öldrun



Framúrskarandi heildræn endurhæfing

Í upphafi árs 2020 settu stjórnendur fram framtíðarsýn fyrir árið sem byggð var að hluta til á stefnumótun sem Heilsustofnun hafði unnið með starfsfólki. Áhersla var lögð á forgangsriðun mikilvægustu þátta til að efla gæði þjónustunnar og mælanleika samkvæmt samningi Sjúkratrygginga Íslands við Heilsustofnun. Óhætt er að segja að enginn átti von á því sem hófst stuttu eftir að framtíðarsýn ársins var lögð fram þegar Covid-19 faraldurinn hófst.

Þrátt fyrir faraldurinn og þær hömlur sem voru lagðar á starfsemina á árinu unnust fjölmörg verkefni vel, sum eru enn í vinnslu og eru áætlanir um að þeim ljúki á árinu.

Önnur verkefni eru eðli sínu samkvæmt til lengri tíma t.d. rannsóknasamstarf við háskóla og að starfsmenn hafi tækifæri til að rannsaka árangur meðferða og kynna opinberlega. Þessi verkefni eru unnin í samstarfi við Háskólann í Reykjavík.

Á árinu náðist verulegur árangur í að aðlaga sjúkraskrárkerfi stofnunarinnar að þörfum hennar og það verkefni verður áfram í gangi.

Á árinu 2021 verður unnið að áframhaldandi framgangi þessara verkefna og ný verkefni mótuð. Þar má nefna að þjónustukannanir dvalargesta sem verða settar í mælanlegt ferli og er þar haft að leiðarljósi “Áætlun um gæðapróun í heilbrigðisþjónustu 2019-2030” sem Embætti landlæknis hefur gefið út. Í tengslum við þetta er verið að endurskoða þjónustukönnun sem lögð er fyrir dvalargesti Heilsustofnunar við lok dvalar og verið að aðgreina gæða- og þjónustuhlutann.

Áfram verður unnið að því að styrkja Heilsustofnun sem kennslustofnun fyrir fagstéttir, svo sem í sjúkrabjálfun og hjúkrun og áfram verður unnið að því að fá hingað sérnámslækna í viðeigandi sérgreinafögum.

Undanfarna mánuði hefur mikil áhersla verið lögð á að innleiða fleiri mælanlega matskvarða til að meta árangur meðferðar.

Ýmsum þáttum var lokið á árinu og þá aðallega því sem viðkemur tölvumálum. Á árinu var innleidd upplýsingaöryggisstefna sem m.a. var forsenda fyrir aðgangi að tengingum í Köru og Ljóranum. Hafin er móttaka og sending rafrænna læknaþréfa með niðurstöðum prófa á tilvísandi lækna.

Þau verkefni sem verða áfram í vinnslu á árinu er t.d. innlagnaferlið, en þar er unnið að því að innlagnaferlið verði markvissara og skýrara með samvinnu við tilvísandi lækna og áfram verður unnið að þróun rafrænna leiða til að veita þjónustu og ráðgjöf.

Innleiðing meðferðar vegna afleiðinga Covid-19 sjúkdómsins bættist við aðra endurhæfingarstarfsemi á árinu 2020. Innleidd var virkniaðlögun og önnur meðferð við hæfi þessara sjúklinga.

Eftirsóknarverður vinnustaður

Vegna samkomutakmarkana lá skipulögð fræðsla til starfsfólks að miklu leyti niðri á árinu 2020. Undirbúningsvinna hófst varðandi styttingu vinnuvikunnar í samráði við starfsfólk. Framundan er innleiðing þeirrar vinnu, bæði fyrir dagvinnufólk (1. febrúar) og vaktavinnufólk (1. maí). Heilsustofnun ber einnig að fá Jafnlaunavottun á árinu 2021.

Sjálfbærni og nýsköpun

Öll endurvinnsla var tekin til endurskoðunar 2020, gerður nýr samningur um sorphirðu og endurvinnsluáætlun innleidd með nýjum endurvinnslutunnum sem komið var fyrir á lóð og innandyra á Heilsustofnun.

Uppbygging Heilsustofnunar og framtíðarskipulag á landi NLFÍ

Í janúar 2020 efndi Náttúrulækningafélag Íslands (NLFÍ) í samvinnu við Arkitektafélag Íslands til hugmyndasamkeppni um enduruppbyggingu Heilsustofnunar NLFÍ og framtíðarskipulag á landi NLFÍ í Hveragerði. Í júlí 2020 voru niðurstöðurnar kynntar og hlutu Arkþing-Nordic og Efla fyrstu verðlaun. Í framhaldi var lagt upp með áframhaldandi samstarf við verðlaunahafa. Verkefnastjórn er á vegum Ernst & Young á Íslandi (E&Y). Þarfagreining stóð yfir á árinu sem allar deildir Heilsustofnunar komu að og er því verkefni ekki lokið.

Fyrsti hluti uppbyggingar á Heilsustofnun verður bygging á nýju meðferðarhúsi sem áætlað er að verði um 2.700 fm. að stærð. Mikil þörf er á byggingu meðferðarhúss til að uppfylla framtíðarkröfur um aðstöðu til þeirrar endurhæfingar sem fram fer á Heilsustofnun.

Áhrif Covid-19 á starfsemi Heilsustofnunar

Heilsustofnun hefur ekki farið varhluta af þeim áhrifum sem Covid-19 faraldurinn hefur haft á samfélagið. Strax í febrúar hófst skipulag viðbragða sem svo reyndist óhjákvæmilegt að hrinda í framkvæmd í mars eins og annars staðar. Öll viðbrögð hafa miðast að því að uppfylla í hvívetna reglur og tilmæli sóttvarnaryfirvalda og gæta ítrustu reglna og varúðar í öllu skipulagi og umgengni innanhúss. Mikil áhersla hefur einnig verið á að veita sjúklingum skýrar upplýsingar og leiðbeiningar áður en þeir koma til dvalar, m.a. að fresta dvöl ef upp koma ákveðin einkenni og ekki koma til endurhæfingar skömmu eftir ferðalög.

Vegna sóttvarnaaðgerða var óhjákvæmilegt að loka stofnuninni í rúmar 5 vikur, frá 28. mars til 4. maí. Á því tímabili leitaðist starfsfólk við að hafa samband við dvalargesti meðal annars með því að bjóða upp á fræðslu og rafrænar meðferðir til að koma til móts við þarfir skjólstæðinga. Sóttvarnareglur um hámarksfjölda þeirra sem koma mega saman og 2ja metra reglan, hafa frá vori 2020 sett skorður við því hve mögulegt er að þjónusta marga einstaklinga í einu auk þess sem starfsemi í líkamsræktaraðstöðu og sundlaug féll niður þegar slík starfsemi var bönnuð. 10 – 20 manna leyfilegur hámarksfjöldi í hreyfitímum hefur sérstaklega reynst vera takmarkandi þáttur.


Ofangreind atriði hafa komið í veg fyrir að Heilsustofnun væri unnt að þjónusta allan þann fjölda sem þjónustusamningur við Sjúkratryggingar kveður á um, þrátt fyrir að allt árið væri kappkostað að veita eins mörgum þjónustu og mögulegt hefur verið á hverjum tíma.

Að mati stjórnenda hefur árangur sóttvarnarráðstafana á Heilsustofnun verið mjög góður, samtakamáttur starfsfólks og samvinna við dvalargesti hefur skilað þeim árangri að hægt var að halda uppi öflugri þjónustu allt árið að frátöldum þeim rúmu 5 vikum sem skyldulokun var í gildi. Engin smit komu upp hjá dvalargestum eða starfsfólki.


Síðla sumars varð ljóst að fjöldi fólks sem veikst höfðu af Covid-19 áttu við langvarandi eftirköst veikindanna að stríða og þurftu á endurhæfingu að halda. Þróunarmiðstöð íslenskrar heilsugæslu með aðkomu forsvarslækna Reykjalundar, Heilsustofnunar, Kristness og Covid-göngudeildar LSH vann að skipulagi þjónustu við þennan sjúklingahóp að frumkvæði Landlæknis.

Heilsustofnun bárust 28 beiðnir árið 2020 um endurhæfingu fólks með langvinn veikindi eftir Covid-19. Fyrstu einstaklingarnir komu til endurhæfingar í ágústmánuði 2020 og urðu alls 12 á árinu. Móttaka þeirra leiddi til þróunar nýrra meðferða og prófana, auk þess sem stofnunin býr að reynslu síðustu ára af meðferð síþreytusjúklinga.


Fjöldi gistinátta 2020




Skipting eftir kynjum




Skipting eftir búsetu



Aldursdreifing




Beiðnir og innlagnir




Biðtími í dögum

Biðtími þeirra einstaklinga sem fá innlögn m.v. tímann á milli beiðnar og innlagnar. Styttri biðtími 2020 vegna þessa.




Heilsutengd lífsgæði (HTL) – niðurstöður

Lagt fyrir alla dvalargesti yngri en 70 ára. Niðurstöður eru umreiknaðar yfir í T skor þar sem 40-60 er innan eðlilegra marka. Meðaltal í þessum lista er 50 og staðalfrávik 10. Kvarðinn lífsgæði er meðaltal annarra mælikvarða.




Heilsutengd lífsgæði (HTL) – bæting

Lagt fyrir alla dvalargesti yngri en 70 ára. % bæting milli komu og brottfarar.




2. mín göngupróf

Lagt fyrir 70 ára og eldri. Miðað er við göngulengd aldurshóps.




30 sek. Arm curl próf

Lagt fyrir 70 ára og eldri. Miðað er við meðaltals skipti aldurshóps.




30 sek. STS próf

Lagt fyrir 70 ára og eldri. Miðað er við meðaltals skipti aldurshóps.



Fjöldi meðferðartíma 2020

Tímar eftir meðferðarlínunum. Sjúklingar í meðferð eftir Covid eru taldir á þeim meðferðarlínunum sem þeir voru innritaðir á en eru einnig sýndir sem sérstakur hópur.



Stöðugildi

HNLFI stöðugildi á ársgrundvelli

	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020	Meðaltal
Endurhæfingadeild										
- læknar	2,2	2,2	2,7	2,4	2,7	2,6	2,4	3,1	2,1	2,49
- annað starfsfólk	5,5	4,5	5,0	5,5	5,8	5,6	5,8	5,5	5,1	5,38
Sjúkraþjálfun										
- sjúkraþjálfarar	6,3	6,5	6,0	5,8	6,4	7,1	5,3	5,4	5,5	6,03
- íþróttakennarar	3,7	3,4	3,3	3,6	3,6	3,3	3,9	3,4	3,2	3,49
Sjúkranudd og böð										
- sjúkranuddarar	4,8	4,6	4,7	5,2	5,3	5,1	5,5	4,9	5,4	5,05
- nálastungur	1,0	1,0	1,0	1,0	1,0	1,0	1,0	1,0	1,0	1,00
- aðstoðarfólk	2,5	1,2	1,1	1,1	1,2	1,2	1,2	1,2	1,2	1,32
Hjúkrunardeild										
- hjúkrunarfræðingar	9,1	7,7	7,5	7,9	8,7	9,2	9,5	9,3	8,4	8,59
- sjúkraliðar	7,5	7,3	7,7	7,7	8,1	8,4	7,0	7,7	7,1	7,61
- þjónustustjóri		1,0	1,0	1,0	1,0	1,0	1,0	1,0	1,0	1,00
- aðstoðarfólk	1,6	1,5	2,0	1,8	1,7	1,0	1,2	1,2	0,8	1,41
Baðhús	5,7	3,1	3,6	3,2	3,2	3,4	3,2	3,7	2,6	3,52
Ýmis samkostnaður	1,0	3,0	3,1	3,1	3,2	4,8	4,8	4,9	4,3	3,56
Eldhús	12,6	11,9	12,4	13,7	14,8	15,7	15,1	16,1	14,8	14,13
Rekstur fasteigna	2,0	2,1	1,9	1,6	2,0	2,1	2,0	2,0	2,0	1,97
Ræsting	11,4	10,1	10,2	10,2	9,6	9,6	9,3	9,3	7,9	9,73
Skrifstofa	6,9	5,0	4,7	4,7	4,8	4,7	4,5	4,5	4,6	4,93
	83,8	76,1	77,9	79,5	83,1	85,8	82,6	84,0	77,2	81,20